

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1013

Dagsetning: 30. janúar 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir (ISS), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 3 og 4. Hanna Lind Garðarsdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 5.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 23. janúar 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Stjórnendamat

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að kynna hugmyndir að stjórnendamati fyrir HH. Stjórnendur hafa kallað eftir slíku mati, meðal annars á starfsdegi stjórnanda og í umræðum um könnunina Stofnun ársins. Tilboð hafa borist frá tveimur fyrirtækjum. Framkvæmdastjórn óskaði eftir nánari útfærslu á tilboðunum áður en ákveðið verður hvoru tilboðinu verður tekið.

4. Verkefni um heilsueflandi vinnustað

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að kynna verkefni um heilsueflandi vinnustað. Tilgangurinn með verkefninu er að stuðla að betri heilsu og vellíðan starfsmanna sem hefur áhrif á veikindadaga, starfsmannaveltu og afköst. Framkvæmdastjórn tók vel í verkefnið og vill halda áfram með það.

5. Fræðsla fyrir ritara

Hanna Lind Garðarsdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn og fóru yfir stöðuna á undirbúningi fræðslu fyrir ritara og skrifstofustjóra. Fræðslan verður með svipuðum hætti og í fyrra með utanaðkomandi ráðgjöf. Framkvæmdastjórn samþykkti að fara í fræðsluna.

6. Geðheilbrigðismál

Upplýst um stöðuna á ýmsum verkefnum í geðheilbrigðismálum. Mín líðan verkefnið er að verða tilbúið, allar stöðvar verða upplýstar um þetta úrræði bráðlega. Rammisamningur SÍ

um kaup á þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga var endurnýjaður og hægt að vísa í það úrræði. Stýrihópur varðandi verklag sálfræðinga fullorðinna í fyrstu línu mun skila af sér fljótlega, framkvæmdastjórn leggur þunga áherslu á að það komi sem allra fyrst. Áhugi er á því að verkefnið Hugarheill, þunglyndisverkefni fyrir börn í skólum, færist til Heilsugæslunnar, en rætt verður um fjármögnun og fleira á fundi með heilbrigðisráðuneytinu í vikunni. Rætt var um tilvísunarblað til geðheilsuteyma.

7. Starfsmannamál

Rætt var um ýmis starfsmannamál.

8. Tilnefning í starfshóp

Ósk hefur borist frá heilbrigðisráðuneytinu um tilnefningu í starfshóp um einstaklingsmiðaða heilbrigðisþjónustu.

Aðgerðir og verkefni

- Útfæra þarf tilboð vegna stjórnendamats, sjá lið 3.
Ábyrgð: SKÞ
- Halda þarf áfram vinnu við heilsuefandi vinnustað og skoða hvort hægt sé að vinna grænu skrefin samhliða því verkefni, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKÞ
- Setja þarf fræðslu fyrir ritara í gang, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKÞ
- Kynna þarf rammamning SÍ við sjálfstætt starfandi sálfræðinga fyrir heilsugæslustöðvum, sjá lið 6.
Ábyrgð: GUP
- Ljúka þarf vinnu við verklag sálfræðinga fullorðinna í fyrstu línu, sjá lið 6.
Ábyrgð: GUP
- Tilnefna þarf fulltrúa frá HH í starfshóp um einstaklingsmiðaða heilbrigðisþjónustu, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.